

DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR
Mkv. 1:1000 á A3


SKILMÁLAR

Innan marka deiliskipulagsins er heimilt að byggja frístundahús allt að 160m² að stærð á einni eða tveimur hæðum. Einnig minna hús allt að 40m² að stærð. Leyfilegt heildar byggingarmagn lóðarinnar er 200m² sem samsvarar nýtingarhlutfalli upp á 0.028. Fyrirhuguð staðsetning frístundahúss er sýnd til skýringar á uppdrætti. Mænishæð skal ekki yfirstíga 8.0m frá óhreyfðu landi, mænisstefna, þakhalli, form og gerð húsa eru gefin frjáls. Landið skal vera afgirt.


VEITUR: Kalt vatn kemur frá Vatnsveitu Hrunamannahrepps. Tenging við rafmagn er við veitukerfi Rarik/Landsnet. Frárennsli skal leitt í rotþró og gengið frá því samkvæmt samþykkt um fráveitur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og reglugerð um fráveitur nr 798/1999. Fyrirhuguð staðsetning er sýnd á uppdrætti.

SKÝRINGAR

- Lóða/Skipulagsmörk
- Byggingareitur
- Fyrirhugað hús
- Aðkomuvegur
- Bílastæði
- Rotþró



Úr ASK Skeiða- og Gnúpverjahr. 2004-2016
Ekki í kvarða



AFSTÖÐUMYND
Ekki í kvarða

GREINARGERÐ

Deiliskipulag þetta tekur til frístundalóðar úr landi Skarðs 2 (landnr. 166595) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Lóðin er 7020 m² að stærð og er staðsett um 650m norðaustan bæjartorfunnar í Skarði.

Lóðin er undir vesturhlíðum klapparássins Skyggfis. Efst í lóðinni er grösugur vallendisbakki en neðar er uppgróinn melur. Til vesturs frá lóðinni er mýrlent og hallar til Stóru-Laxár. Gróðursetning trjágróðurs er hafinn á lóðinni. Byggingareit er valinn staður neðan vallendisbakkans.

Aðkoma að lóðinni er af Skeiða- og Hrunamannavegi nr. 30, heimreiðinni að Skarði nr. 3312, 3309, um uppbyggðan línuveg og svo til norðurs undir vesturhlíðum Skyggfis. Sá aðkomuvegur fær heitið Hrafnaklettur. Aðliggjandi er frístundahúsaloð (Skarð 2 - lóð 3 sem fær þá heitið Hrafnaklettur 2) og um 270m sunnar er frístundalóðin Skarðstekkur.

Í aðalskipulagi sveitarfélagsins (2004-2016) er landið sem lóðin tilheyrir skilgreint sem land undir frístundabyggð og er auðkennt F40 á aðalskipulagsupprætti.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá _____ til _____ var samþykkt í sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann _____

TILLAGA

Samþykkt deiliskipulag var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____


ÞJÓNUSTA: Þjónusta slökkviliðs er frá Brunavörnum Árnessýslu. Tæming rotþroa er á vegum sveitarfélags. Sorpi verður fargað á gámasvæðum sveitarfélagsins.

FORNMINJAR: Ekki er vitað um neinar þekktar fornminjar innan skipulagssvæðisins. Ekki er heimilt að hrófla við minjum sem kunna að koma fram nema í samráði við minjavörð Suðurlands.

UMSAGNARADILAR: Minjastofnun Íslands og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Unnið ofan á hnitsetta loftmynd frá Loftmyndum ehf og hæðalínugrunn frá Landmælingum Íslands.

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR
SKARÐ 2 - HRAFNAKLETTUR 4
DEILISKIPULAG



Mælikvarði 1:1000 á A3

03. 05. 2018

SIGURÐUR U. SIGURÐSSON